

Samráðsfundur FFGÍR og foreldrafélaganna í grunnskólum Reykjanesbæjar.

Fundargerð 13.október 2009

Fundur FFGÍR var haldin í Akurskóla og hófst hann kl. 17. Á fundinn mættu fulltrúar frá Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Akurskóla. Ingigerður, verkefnastjóri FFGÍR hóf fundinn á að sýna nokkrar niðurstöður rannsókna og greiningar um líðan unglinga, skýrslan er á <http://www.rnb.is>.

1.liður

Foreldrafélögin og FFGÍR – Það er skylda að vera með foreldrafélag í hverjum skóla.

2.liður

Fyrirlestrar - Hvaða fyrirlesara viljum við fá á starfsárinu til að tala við foreldra. Tillaga um að gera fyrirlestraröð í stað málþings. Hugmyndir: Jóhann Ingi, Húgó, Úlfatími (leikskólinn 3.nóv), starfsmenn Reykjanesbæjar, Skólamatur, Edda Björgvinsdóttir, námsráðgjafar, næringafræðingar, Jóna Ingibjörg, Tölum saman um kynlíf, Gylfi Jón, Hvað er að vera fyrirmyndar foreldri?, Erlingur frá Lundi.

3.liður

Málþing - sleppa í vetur, ákveðið að halda annað hvert ár.

4.liður

Umferðarmenning – Áhugi að fá umferðahraðagreinar við hvern grunnskóla sem mælir fjölda bíla og hraða þeirra. Þetta erindi berist til Reykjanesbæjar. Það er búið að greina umferð og hraða við Skólaveg.og foreldrar vilja sjá niðurstöður.

Lagt er til að FFGÍR leggi fram umferðarkönnun hjá starfsmönnum skóla. Könnunin yrði lögð fram á starfsmannafundi og inniheldur þrjár spurningar: Er eitthvað að þínu mati sem betur mætti fara varðandi umferðaröryggi barna við þinn skóla? Hvar eru hættusvæði við og á leið í skólann? Hvaða úrbætur varðandi umferðaröryggi telur þú brýnastar við þinn skóla. 1-2-3.

FFGÍR gæti komið að gerð kynningarefnis um börn í framsæti. Börn undir 150 cm eiga ekki að sitja í framsæti samkvæmt lögum. Hægt að leyta til umferðarstofu.

Lagt til að stundatafla nemenda í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefji kl.8:15 en stundatafla nemenda í Holtaskóli kl.8:00. Minni umferð á meðan börn ganga í skólann.

5.liður

Heimasíður. Hvað vilja foreldra sjá á heimasíðu grunnskóla:

- Ákveðinn linkur þar sem hægt er að fara inn á síðu foreldrafélagsins.

- Það er: hverjir eru í stjórn, hvernig hægt er að ná í stjórn, fundagerðir, handbók, bekkjarfulltrúar nafn foreldris/nafn barns ásamt símanúmerum, hugmyndabanki fyrir foreldra, hlutverk bekkjarfulltrúa og lög foreldrafélagsins.
- Fundarmenn skoðuðu heimasíður grunnskólanna. Foreldrafélögin í Myllubakkaskóla, Holtaskóla og Akurskóla eru vel sýnileg en bæði FFNjarðvíkurskóla og FFHeiðarskóla þurfa að fá vefumsjónarmann til að setja inn nýjar upplýsingar.

6.liður

Skólastefna Reykjanesbæjar- í kaflanum um samskipti heimili og skóla þarf að lagfæra orðalag og taka út foreldraráð. Skólastefnan er síðan maí 2001. Foreldrar biðja fræðsluskrifstofu að uppfæra stefnuna. Jana mun taka að sér og fer með erindið á næsta fund fræðsluráðs 15.október 2009. Skólastefna er á http://rnb.is/default.asp?cat_id=1387

7.liður

Sturtur og íþróttakennsla: Einn mesti eineltispottur sem til er! Margir nemendur eiga erfitt með að afklæðast fyrir framan bekkjarsystkin. Hvernig er málum háttað í grunnskólum í Reykjanesbæ? Er samræmi milli skóla, eiga allir að fara í sturtu, alltaf? Umræðu vísað til næsta stjórnarfundar sem verður fimmtudaginn 22.október kl. 17:15-18:15 í Akurskóla.

Fyrirum nemendur í grunnskóla eru margir illa brenndir eftir búningsklefaeinelti. Í framhaldsskólum er ekki verið að skipta sér af því hvernig og hvenær nemendur fara í sturtu eftir íþróttatíma.

Boðið var uppá veitingar, brauð, súkkulaði, kaffi og gos. Fundi slitið kl. 19.

Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri FFGÍR